

59. fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs haldinn í Reykjavík þann 14. júní 2012

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, Björn Ármann Ólafsson, Böðvar Pétursson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson og Sigrún Helgadóttir. Rósa Björk Halldórsdóttir var í síma frá 13:00-14:15. Þorvarður Helgason mætti á fundinn kl. 14:30.
Einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri. Fundurinn hófst kl. 10:30

1. Samþykkt dagskrár

Samþykkt.

2. Samþykkt fundargerðar 25. apríl 2012

Fundargerð undirrituð og samþykkt.

3. Samráð um samgöngur

Verkátlan hóps um rannsóknir á Vonarskarði og Vikrafellsleið kynnt. Framkvæmdastjóra falið að fara betur yfir kostnað við verkefnið og senda á stjórn sem og að koma framkomnum ábendingum um verkátlanun á framfæri við hópinn. Framlögð verkátlan samþykkt með fyrirvara um nákvæmari kostnaðargreiningu.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun; viðbætur á Vestursvæði og víðar – staða, stutt kynning

Elín Heiða kynnti stöðu breytinga á Stjórnunar- og verndaráætlun m.t.t. stækkunar þjóðgarðsins við Langasjó og Lakagíga á vestursvæði og fór yfir helstu efnisatriði. Svæðisráð hefur ákveðið að fresta frágangi endanlegrar tillögu að verndaráætlun fyrir nýtt svæði í Skaftárhreppi til haustsins 2012. Með þessu vinnst tvennt; svæðisráð fær tækifæri til vettvangsferðar um hið nýja svæði í sumar m.a. til þess að skoða umdeilda vegi og hagsmunaaðilar fá lengri tíma til að velta málinu fyrir sér.

5. Sameining stofnana – Vatnajökulspjóðgarður-staða

Farið yfir stöðu þess máls. Málið er áfram í vinnslu í ráðuneytinu, hluti þess að málinu hefur seinkað er fyrirhuguð breytt ráðuneytaskipan.

6. Hollvinasamtökin Vinir Vatnajökuls – samstarfsverkefni 2012- staða

Farið yfir stöðu verkefnanna;

- Skaftafellsstofa-sýning; stefnt að opnun endurbættrar sýningar í ágúst/september n.k.
- Gamlabúð-sýning; Stefnt að uppsetningu í mars/apríl 2013, afgreiðslan tilbúin 1. maí. og formleg opnun 7. júní.
- Fræðsluverkefni; í vinnslu með starfsfólki þjóðgarðsins.

7. Gamlabúð á Höfn – staða

Hjalti upplýsti að húsið hafi verið flutt þann 13. júní.

8. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri – staða

Staða málsins kynnt.

9. Fjárlagagerð 2013

Þórður gerði grein fyrir stöðu málsins.

10. Fjármál

Þórður kynnti rekstrarstöðu pr. 31. maí 2012.

11. Svæðisráð-fundargerðir

N-svæði: Böðvar upplýsti um fund svæðisráðs þann 25.maí og umræðu á þeim fundi um aðstöðu ferðaþjónustufyrirtækis í Ásbyrgi. Umræða skapaðist í kjölfarið um málefni er tengjast atvinnustefnu þjóðgarðsins (sjá nánar undir 13. lið: Önnur mál - Atvinnustefna).

12. Sumarferð stjórnar á hálendið (í lok ágúst)

Ákveðið að öll stjórnin fari í ferð um hálendið í lok viku 34, 24.-26. ágúst.

13. Önnur mál

- *Landsvæði við Dettifoss að vestan*

Þórður gerði grein fyrir viðræðum við landeigendur.

- *Vakinn*

Þórður upplýsti að sótt hafi verið um aðild að Vakanum fyrir gestastofurnar.

- *Atvinnustefna.*

Umræða skapaðist um mikilvægi þess að setja upp skýrari ramma utan um atvinnumál í þjóðgarðinum. Stjórnunar- og verndaráætlun garðsins myndar grófan ramma utan um málaflokkinn en nauðsynlegt er að styrkja hann og skýra enn frekar. Það verður einkum gert með því að deiliskipuleggja helstu þjónustusvæði og vinna atvinnustefnu.

Atvinnustefna þarf í það minnsta að taka á tveimur meginþáttum. Annars vegar hvernig þjóðgarðurinn getur ýtt undir jákvæða byggðapróun á grannsvæðum sínum. Hins vegar þeim gæða- og umhverfisviðmiðum sem þjóðgarðurinn vill setja sér sjálfum og þeim aðilum sem starfa innan garðsins.

Rætt var um mikilvægi þess að hlúa vel að fyrirtækjum sem hafa áhuga á að starfa innan garðsins. Einnig var almennt rætt um samskipti þjóðgarðs og ferðaþjónustufyrirtækja, samningagerð og aðstöðu ferðaþjónustufyrirtækja innan þjóðgarðs.

Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á að vinna áfram að verkefninu fram að næsta fundi, m.a. að skoða samvinnu við háskóla eða námsmenn og ræða við ráðgjafa.

- *Snæfellsskáli*

Þórður upplýsti að kaupsamningur um Snæfellskála sé í vinnslu.

- *Bréf frá Samút*

Kristveig lagði fram drög að bréfi. Formanni falið ljúka við bréfið og senda til stjórnar ásamt ósk um sameiginlegan fund stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs og Samút.

- *Ályktun frá Samút; bréf barst frá Samút með eftirfarandi bókun:*

„Aðalfundur Samtaka útvistarfélaga (Samút) skorar á stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að skila fundargerðum hraðar inn á netið og hafa þær ítarlegri.“

Stjórn þjóðgarðsins þakkar fyrir ályktunina. Héðan í frá verður stefnt að því að fundargerðir birtist á netinu innan viku frá fundi.

14. Næsti stjórnarfundur

Tillaga um að næsti stjórnarfundur verði á Vestursvæði miðvikudaginn 26. september.

Fundi slitið kl. 16:00